



**Húsfreyjan á bæjarhellunni  
Hvaða máli skipti kyn Vigdísar Finnbogadóttur í  
forsetakosningunum 1980?**

**Guðfinnur Sigurvinsson**

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Júní 2013**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Húsfreyjan á bæjarhellunni**  
***Hvaða máli skipti kyn Vigdísar Finnbogadóttur í forsetakosningunum***  
**1980?**

Guðfinnur Sigurvinsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði  
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Guðfinnur Sigurvinsson 2013

190878-4069

Reykjavík, Ísland 2013

## Útdráttur

Eftir nýársávarp Kristjáns Eldjárn 1980 varð ljóst að nýr forseti yrði kjörinn í landinu þá um sumarið. Ýmsir voru nefndir sem hugsanlegir arftakar Kristjáns en að lokum fór það svo að fjórir gáfu kost á sér, þrír karlar og ein kona. Vigdís Finnbogadóttir átti ekki sjö dagana sæla í kosningabaráttunni og enginn frambjóðandi hefur í forsetakosningum á Íslandi mátt þola eins ítarlega skoðun á einkalífi sínu og hún. Mátti Vigdís svara ótrúlegustu spurningum um það efni. Ástæðan var að hún var kona, fráskilin, einstæð móðir. Í þessari ritgerð er spurt hvaða máli kyn Vigdísar Finnbogadóttur skipti í forsetakosningunum 1980. Skýringa er leitað út frá samtímaheimildum með greiningu á orðræðunni í kosningabaráttunni 1980 og út frá kenningum í stjórn málafræði og kynjafræði. Niðurstaðan er að Vigdís gjörbreytti með framboði sínu kosningabaráttunni, hún vakti athygli á málefnum og stöðu kvenna og framgangna hennar varð öðrum konum til góða.

## **Formáli**

Þessi ritgerð er tólf eininga lokaverkefni til BA-prófs í stjórnmálafræði. Hún var skrifuð á vormisseri 2013. Leiðbeinandi var Silja Bára Ómarsdóttir og þakka ég henni kærlega fyrir góðar ráðleggingar og aðstoð. Önnu Sigríði Þráinsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur og Símoni Ormarssyni, eiginmanni mínum, þakka ég ómælda hvatningu, þolinmæði og skilning.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Kenningar um kynjapólitík</b> .....	<b>7</b>
1.1 Stjórnsmál nærverunnar.....	7
1.2 Krítískur massi á móti krítískum gerendum.....	9
1.3 Skilgreiningar á málefnum kvenna .....	11
1.4 Styðjandi og mengandi kvenleiki.....	11
1.5 Af lýðræði og réttlæti .....	12
1.6 Samantekt.....	14
<b>2 Þjóðin kýs forseta</b> .....	<b>16</b>
2.1 Kona býður sig fram .....	18
2.2 „Hvar verður bóndinn?“ .....	19
2.3 Kvenframbjóðandi hvetur og hræðir.....	21
2.4 Konan á móti körlunum .....	22
2.5 „Þið eruð líka í framboði“ .....	24
2.6 Skorað á konur .....	25
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>28</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>36</b>

## Inngangur

Kjör Vigdísar Finnbogadóttur til embættis forseta Íslands vakti heimsathygli sumarið 1980. Skrifað var um þessa konu um allan heim og kjörinu var fagnað sem áfanga í jafnréttisbaráttu kynjanna á heimsvísu. Framboð hennar átti sér nokkurn aðdraganda og átti djúpar rætur í samfélagsbreytingum hér heima og víðar um hinn vestræna heim.

Illmælgí af ýmsu tagi og harkaleg gagnrýni á frambjóðendum hefur fylgt forsetakjöri á Íslandi frá stofnun lýðveldisins en framboð Vigdísar Finnbogadóttur kallaði á hvoru tveggja í áður óþekktum mæli. Kyn hennar og hjúskaparstaða var póllinn sem umræðan hverfðist um og sumir drógu ekkert af sér við að grafa undan einu konunni sem hafði sýnt þá dirfsku að fara í forsetaframboð á þessum tíma. Þar voru karlar jafnt sem konur að verki en auðvitað voru aðrir af báðum kynjum sem fögnuðu framboðinu. Kyn og hjúskaparstaða karlanna þriggja, Guðlaugs Þorvaldssonar, Péturs Thorsteinssonar og Alberts Guðmundssonar, sem buðu sig fram þetta ár kom tæpast til umræðu nema þá í tengslum við Vigdísu og framboðum þeirra var tekið með allt öðrum hætti.

Hér er sett fram rannsóknarspurningin hvaða máli skipti kyn Vigdísar Finnbogadóttur í forsetakosningunum 1980? Leitað verður svara við því af hverju einstæð móðir, fráskilin kona úr Vesturbæ Reykjavíkur gat sett heilt samfélag á annan endann með því einu að nýta stjórnarskrárvarinn rétt sinn að bjóða sig fram til forseta og af hvaða rötum mótlætið sem henni mætti var?

Haustið 2010 gerði ég, ásamt Ragnari Santos samstarfsmanni mínum á RÚV, heimildamynd um forsetakjör Vigdísar en þá voru 30 ár liðin frá því. Myndin og viðtölin sem þar birtast eru nú ágæt samtímaheimild um þennan atburð. Samtöl okkar Vigdísar um þennan tíma vöktu áhuga minn á að skoða kosningabaráttuna nánar. Ég ætla með hliðsjón af heimildum um forsetakjörið 1980 að skoða orðræðuna sem fram fór í aðdraganda forsetakosninganna og tengja við lýðræðiskenningar í stjórn málafræði og kenningar í kynjafræði. Þessar kenningar skoða kyn sem breytu í tengslum við stjórn málaþátttöku með mismunandi hætti. Sumar kenningarnar taka á því af hverju það skiptir máli að konur láti til sín taka í stjórn málum og aðrar skýra hvaða múra konur þurfa að brjóta með þátttöku sinni og hvers vegna múrarnir eru til staðar. Ég rek svo kosningabaráttuna og tek dæmi um það sem var sagt um kvenframbjóðandann. Í niðurstöðum tengi ég svo orðræðuna saman við kenningarnar og sé hvernig þær skýra hvaða máli kyn Vigdísar skipti í kosningabaráttunni 1980.

## 1 Kenningar um kynjapólitík

Þegar ég leita svara við rannsóknarspurningunni um *hvaða máli* kyn Vigdísar Finnbogadóttur skipti í forsetakosningunum 1980 þá dugir ekki skoða það eingöngu úr frá kynjamisrétti í sögulegu samhengi sem er á allra vitorði. Hvar liggja rætur misréttisins? Í hvaða straumum, stefnum og hugmyndafræði birtist það? Eins og ég mun sýna fram á þegar ég skoða orðræðuna 1980 var ekki aðeins rætt um að Vigdís Finnbogadóttir væri kona heldur líka *hvernig* kona hún væri. Hún var fráskilin, einstæð móðir. Af hverju skiptir nákvæmlega sú staða máli? Ég ætla um leið, og það helst í hendur, að skoða af hverju það skiptir máli að kona sé kjörin til áhrifa og valda? Ég byggi þetta á nokkrum kenningum í stjórnmálafræði og kynjafræði sem ég tel skýra og setja í samhengi við atburðarásina í forsetakosningunum 1980.

### 1.1 Stjórnmál nærverunnar

Kenningar Anne Phillips um stjórnmál nærverunnar eru í raun lykilkennningar í þessari ritgerð en hún veltir fyrir sér hvort það skipti máli *hver* er fulltrúi tiltekinna hagsmuna ef hann bara nær árangri í baráttunni. Hún teflir fram kenningunni um stjórnmál nærverunnar (e. *politics of presence*) á móti gamalgrónum hugmyndum um stjórnmál hugmyndanna (e. *politics of ideas*). Í grunninn segir Anne Phillips að það skipti máli að ólíkir þjóðfélags hópar komi að ákvarðanatöku og hafi áhrif því ólíkir hópar búi að ólíkri reynslu. Reynsluheimur kvenna er til dæmis ekki sá sami og reynsluheimur karla og nálgun þeirra og sýn á sömu mál því önnur. Jafnvel þótt karlar og konur hafi sömu hugmyndafræði, segir Phillips, þá skiptir þetta samt máli.<sup>1</sup>

Í dæmigerðum skilningi á vestrænu lýðræði (e. *liberal democracy*) er skoðanamunur skilgreindur á grundvelli hugmynda og fulltrúahlutverkið þykir meira og minna takast eftir því hversu vel fulltrúanum tekst að miðla skoðunum, óskum og/eða sannfæringu kjósenda sinna. Vandamál við pólitíska útilokun (e. *political exclusion*) eru metin eftir kosningakerfum (þar sem tilteknir hagsmunir njóta forgangs á meðan önnur hagsmunamál fá litla umfjöllun) eða eftir því hvaða möguleika fólk hefur til pólitískrar þátttöku (og þar er einkum horft til stéttarstöðu). Persónuleg auðkenni fulltrúanna eru sjaldnast tekin með í reikninginn hér, nema kannski þegar lítil gæði þeirra eru metin eftir frammistöðu við tilteknar atkvæðagreiðslur. Flestir kjósendur vita of lítið um frambjóðendur til að gera hæfileika þeirra og gildismat að

---

<sup>1</sup> Sjá Anne Phillips 1995.



ástæðu fyrir því að kjósa þá. Flestir kjósendur spyrja sig vissulega hvort eiginleikar frambjóðandans eigi að vera úrslitaatriði þegar þeir meta mögulegan stuðning við þá. Við vildum öll að fulltrúar okkar væru fólk sem á einhvern hátt væri gáfaðra en við og á allan hátt frambærilegra en þegar við stöndum frammi fyrir valinu um frambjóðanda sem hefur meira til brunns að bera en við sjálf og þess frambjóðanda sem deilir skoðunum okkar, finnst okkur öruggara að velja þann síðarnefnda. Stjórnmalaflokkarnir útvega okkur skýrt val, nokkurs konar gátlista af málum sem við notum þegar við gerum upp hug okkar fyrir kosningar. Við lítum því frekar eftir merkimiðanum en persónunni og vonum að við verðum ekki fyrir vonbrigðum með val okkar.<sup>2</sup>

Margar rökræður um lýðræði snúast um kröfuna um það sem við getum kallað stjórnmal nærverunnar: kröfuna um að konur eigi jafn marga fulltrúa og karlar, kröfuna um aukið jafnvægi fulltrúa ólíkra þjóðfélagshópa sem eiga sér ólíkan uppruna og mynda allt samfélagið, kröfuna um pólitíska innlimun (e. *political inclusion*) þjóðfélagshópa sem upplifa sig á jaðri samfélagsins, að þaggað sé niður í þeim og þeir útilokaðir. Í þessari endurskoðun á vandamálum sem tengjast pólitísku jafnrétti er áherslan á það *hver* er fulltrúinn en ekki *hvers* fulltrúinn er, og undirgefni þess fyrrnefnda er mjög til skoðunar. Stjórnmal nærverunnar skora stjórnmal hugmyndanna á hólm.<sup>3</sup>

Röksemdarfærslan fyrir stjórnmalum nærverunnar er að miklu leyti blásin út af borðinu þegar skoðanamunur er eingöngu skoðaður út frá ólíkri hugmyndafræði, þá skiptir ekki svo miklu máli hver er fulltrúi hvers. Einn getur auðveldlega verið fulltrúi annars, það er engin þörf á að fulltrúinn endurspegli persónuleg auðkenni þess sem kys hann.<sup>4</sup>

Þegar skoðað er hvort skoðanamunur sé eingöngu út frá reynsluheimi og auðkennum ólíkra þjóðfélagshópa verður erfiðara að sýna fram á að kröfunni um pólitíska innlimun sé mætt nema fleiri úr ólíkum hópum séu teknir með. Karlar geta hugsanlega verið fulltrúar kvenna þegar málefnið sem þeir eru fulltrúar fyrir snýst um fyrirfram ákveðna stefnu, áætlun eða hugsjón. En hvernig geta karlar með lögmætum hætti verið staðgenglar kvenna þegar rætt er um fulltrúahlutverk kvenna *per se*? Hvítt fólk getur á sama hátt hugsanlega verið fulltrúar fólks af afrískum eða asískum uppruna þegar málefni sem fjallað er um snýr að jafnræði kynþáttanna. Eða getur samkunda sem skipuð er eingöngu hvítu fólki með sanni verið fulltrúi kjósenda sem eru af allt öðrum uppruna? Fullnægjandi fulltrúahlutverk er í auknum mæli

---

<sup>2</sup> Anne Phillips 1995: 1.

<sup>3</sup> Anne Phillips 1995: 5.

<sup>4</sup> Anne Phillips 1995: 6.

túlkað þannig að það þurfi aukna nærveru ólíkra þjóðfélagshópa sem saman mynda samfélagið í heild og hugmyndir um að fulltrúahlutverkið sé þannig „dæmigert“ eða „endurspeglandi“ eða jafnvel „lýsandi“ hafa snúið aftur af auknum krafti.<sup>5</sup>

Í síðari þróun femínískra stjórn mála varð spurningin um *hver* væri best til þess fallinn að tala í umboði annarra uppspretta mikillar spennu. Þegar karlmenn voru leystir frá því hlutverki sínu að tala fyrir hönd kvenna, varð það eins augljóst að leysa varð hvítar konur frá því hlutverki að tala fyrir hönd blökkukvenna, gagnkynhneigðar konur fyrir hönd lesbía og konur úr miðstétt fyrir hönd kvenna í verkamannastétt. Leitin að *áreiðanleika* (e. *authenticity*) varð að einhvers konar botnlangagötu þar sem erfitt var fyrir sérhvern fulltrúa að tala út frá reynslu sem smellpassaði við reynsluheim viðkomandi. Þegar umræðan var komin út í slíkar öfgar virtist sem samtalið um stjórn mála nærverunnar væri ómögulegt. Margir femínistar hafa því forðast að ræða hugmyndafræðina í slíkan þaula en vandamálin sem fylgja áreiðanleikanum hafa síður en svo sent þá aftur á hreinni og tærari lendur stjórn mála hugmyndanna. Þvert á móti hafa nýlegar umræður skerpt á umræðum um áreiðanleika á grundvelli stjórn mála nærverunnar.<sup>6</sup>

Flest vandamálin verða nefnilega til þegar við stillum þessum tveimur hugmyndakerfum, stjórn málum hugmyndanna og stjórn málum nærverunnar, upp á móti hvort öðru sem andstæðum sem geti ekki farið saman. Þegar látið er sem hugmyndafræðin hafi ekkert að gera með þann sem ber hana upp eða þegar fólkið í fulltrúahlutverkinu fær alla athyglina án þess að við gefum nokkurn gaum þeim stefnum og straumum sem það boðar. Það er einmitt í sambandinu á milli hugmynda og nærveru sem við eigum besta von um réttlátara fulltrúakerfi en ekki í falskri andstöðu einnar hugmyndafræði við aðra.<sup>7</sup>

Pólítískt jafnrétti felur í sér jafnan rétt til að taka þátt í stjórn málum og um leið jafnan rétt til að eiga pólítíska fulltrúa. Við göngum einfaldlega út frá þessari staðreynd þegar við segjum að jafn réttur til að gegna stöðu fulltrúans sé eitthvað sem enn á eftir að festa í sessi.<sup>8</sup>

## 1.2 Kítískur massi á móti kítískum gerendum

Nú þegar ég hef skoðað kenningar Anne Phillips um stjórn mála nærverunnar og nauðsyn þess að fulltrúarnir endurspegli fjölbreytni og ólíkan reynsluheim er nauðsynlegt að skoða í beinu

---

<sup>5</sup> Anne Phillips 1995: 6-7.

<sup>6</sup> Anne Phillips 1995: 9.

<sup>7</sup> Anne Phillips 1995: 25.

<sup>8</sup> Anne Phillips 1995: 36.

framhaldi hvernig áhrif til dæmis kvenna birtast. Kenningin um krítískan massa á móti krítískum gerendum greinir þetta vel.

Þegar fræðimenn skoða kynferði sem breytu velta þeir fyrir sér eftirfarandi rannsóknarspurningum: „Standa konur í stjórnámálum fyrir breytingar?“ og „Vinna konur að málefnum kvenna?“ Niðurstöður rannsókna um efnið eru misvísandi og ófullnægjandi. Ýmsar rannsóknir gefa til kynna að nærvera kvenna geti leitt til breytinga á rökræðum við lagasetningar, frumvarpsgerð og niðurstöður. Þrátt fyrir það benda aðrar rannsóknir til þess að það sé enginn munur á hegðan og vinnubrögðum karla og kvenna sem gegna opinberum trúnaðarstöðum. Kynferði skipti engu máli. Misvísandi og ómarktækar niðurstöður eru gjarnan skýrðar með því að konur séu enn í minnihluta á flestöllum kjörnum samkomum, ef marka má kenninguna um *krítískan massa* (e. *critical mass*), þá eru konur ólíklegri til að hafa meiriháttar áhrif þar til þær hafa farið frá fáeinum persónum sem eru táknmyndir (e. *token individual*) í það að vera umtalsverður minnihluti eða krítískur massi allra fulltrúa. Gallinn við þessa kenningu er sá að hún gerir ráð fyrir að það sé línulegt samband á milli þess hvenær fjöldi nær ákveðinni stærð og þess að breyting verði á starfsháttum og niðurstöðum kjörinna samkoma, þar séu einhver óskilgreind en mjög ákveðin mörk þar sem kvenlæg breyting á sér stað. Þetta heldur ekki alveg vatni.<sup>9</sup>

Til þess að hægt sé að fara lengra með kenninguna um krítískan massa í rannsóknum á óháðu fulltrúahlutverki hefur verið kynnt til leiks nálgun sem byggir í fyrsta lagi á að ekki sé skoðað *hvenær* konur skipta sköpum, heldur *hvernig* óháð fulltrúahlutverk kvenna kemur fram, og í öðru lagi að ekki sé bara horft á hvað konur sem hópur gera, heldur hitt hvað *ákveðnir fulltrúar* gera. Fyrri sjónarhornið opnar möguleikann á því að við skoðum sérstaklega hver það er sem beitir sér fyrir málefnum kvenna og þessi leið viðurkennir að svarið við þeirri spurningu sé meira fljótandi og í þróun en ætla mætti þegar við skilgreinum hvað þýðir að beita sér fyrir málefnum kvenna. Seinna sjónarhornið forðar okkur frá því að horfa á *karla* og *konur* sem pólitíska fulltrúa og einnig frá því að gera okkur væntingar um hvað þau *ættu* að gera. Þungamiðjan í þessari nýju kenningu eða vinnuáferð er það sem við köllum *krítíska gerendur* (e. *critical actors*). Krítískir gerendur eru þeir sem beita sér stakir eða sem hópur fyrir stefnubreytingum sem þjóna hagsmunum kvenna.<sup>10</sup>

---

<sup>9</sup> Sarah Childs and Mona Lena Krook 2009: 125-126

<sup>10</sup> Sarah Childs and Mona Lena Krook 2009: 126-127.

### 1.3 Skilgreiningar á málefnum kvenna

Rannsóknir á óháða fulltrúahlutverkinu (e. *substantive representation*) ganga oft út frá því að til séu málefni kvenna, og þetta verður til þess að þau sem aðhyllast kenningar um krítískan massa veita tilteknum málefnum athygli eftir því sem konur verða fleiri á kjörnum samkomum. Hins vegar skilgreina fræðimenn þessi málefni með mismunandi hætti: sem stefnumótun sem eykur sjálfsforræði og velferð kvenna; sem málefni í verkahring einkageirans í samræmi við viðteknar skoðanir um samskipti kynjanna; sem fleti þar sem finna má *kynjabíl* (e. *gender gap*) í þjóðfélögum; og sem málefni sem skiptir samfélagið máli í heild. Sumir fræðimenn vilja frekar skilgreiningar sem einblína á breytt hlutverk kvenna í gegnum aukið sjálfsforræði og persónulegt valfrelsi. Aðrir kjósa skilgreiningar sem fela meira í sér fjölbreytilegri málefni sem hafa áhrif á daglegt líf kvenna. Svo eru enn aðrir sem vilja skilgreiningar sem byggja á þeim málefnum sem baráttuhreyfingar kvenna hafa sett á oddinn í gegnum tíðina. Til viðbótar við þetta má nefna að líta má á málefni kvenna sem mál sem sett eru fram af þeim sem gefa sig úr fyrir að vera fulltrúar kvenna.<sup>11</sup>

### 1.4 Styðjandi og mengandi kvenleiki

Nú hef ég sett fram kenningar úr ranni stjórn málafræðinnar sem gætu skýrt kyn Vigdísar Finnbogadóttur sem breytu við forsetakosningarnar 1980. Í kynjafræðinni er fjallað um hugtökin styðjandi kvenleika og mengandi kvenleika en þessi hugtök tengjast með beinum hætti umræðunni um kyn Vigdísar í aðdraganda forsetakosninganna 1980 eins og ég sýni fram á síðar. Gyða Margrét Pétursdóttir aðjúntkt við Háskóla Íslands hefur skrifað nokkrar greinar þar sem þessi hugtök koma við sögu og ég leita í hennar smiðju við kynningu á þessum kenningum.

Í greininni „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis“ eftir Gyðu Margréti Pétursdóttur segir að hugtakið styðjandi kvenleiki sé systurhugtak ráðandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*) en bæði koma þau úr smiðju ástralska karlafræðingsins Connells. Ráðandi karlmennska snýst um það að á hverjum tíma í hverju samfélagi sé ein tegund karlmennsku ráðandi í stigveldi karlmenskunnar. Yfirráðin byggja á því að neðar í stigveldinu séu konur og undirskipaðir karlar, t.d. samkynhneigðir. Gyða segir að minna hafi verið fjallað um styðjandi kvenleika eða hefðbundinn kvenleika. Hún vitnar í Connell sem segir að engin gerð kvenleikans sé ráðandi líkt og ráðandi karlmennska þar sem staða kvenna í samfélaginu er önnur en staða karla. Konur hafi minni völd en karlar í

---

<sup>11</sup> Sarah Childs and Mona Lena Krook 2009: 133.

samfélaginu, sama hvort horft er til félagslegra eða efnahagslegra þátta. Hlutverk kvenna sé því að styðja við karla og ráðandi karlmennskuhugmyndir en ekki að öðlast vald yfir öðrum konum í krafti styðjandi kvenleika.<sup>12</sup>

Styðjandi kvenleiki mætir þörfum og löngunum karla samkvæmt Gyðu. Styðjandi kvenleiki og ráðandi karlmennska eiga í gagnvirku sambandi, þannig að styðjandi kvenleiki viðheldur athöfnum og gjörðum sem styrkja í sessi og stofnanabinda yfirráð karla yfir konum. Hlýðni (e. *compliance*) er miðlæg í styðjandi kvenleika og hlýðnin mótar persónuleg tengsl karla og kvenna. Miðlægt í viðhaldi styðjandi kvenleika er að koma í veg fyrir að aðrar tegundir kvenleika hljóti hljómgrunn í menningunni.<sup>13</sup>

Andstæða styðjandi kvenleika er mengandi kvenleiki (e. *pariah femininity*) sem styðjandi kvenleiki og ríkjandi karlmennska reyna koma í veg fyrir að hljóti hljómgrunn í samfélaginu. Sá kvenleiki er talinn menga samband kvenleika og karlmennsku sem byggir á undirskipun hins kvenlæga. Í skrifum Gyðu kemur fram að mengandi kvenleiki er sú tegund kvenleika sem sýnir myndugleika (e. *authority*), tekur málin í sínar hendur og er óhlýðinn. Átök eru á milli styðjandi kvenleika og hins mengandi kvenleika.<sup>14</sup>

Að lokum bendir Gyða á að femínismi sé nátengdur mengandi kvenleika og að kenna konu við femínisma, hvort sem hún skilgeinir sig þannig sjálf eða ekki, er leið til að draga úr lögmati þess sem hún hefur fram að færa og um leið tæki til að hafna hugmyndum kvenna sem með einum eða öðrum hætti berjast á móti og ögra feðraveldinu.<sup>15</sup>

## 1.5 Af lýðræði og réttlæti

Að lokum er gagnlegt að skoða sambandið á milli lýðræðis og réttlætis. Því þegar öllu er á botninn hvolft þá er krafan sem birtist í framangreindum kenningum um aukið jafnrétti og pólitíska nærveru ólíkra hópa sett fram sem réttlætismál. Og hið lýðræðislega ferli sem leið til að ná því. Þá er það stóra spurningin, tryggir lýðræði endilega réttlæti? Til dæmis hvað varðar stöðu kynjanna?

Brian Barry er einn fátíðra stjórnmálafræðinga sem hefur skoðað sérstaklega sambandið á milli réttlætis og lýðræðis. Í þeim efnum er skoðun hans alveg skýr. Við höfum fáar ástæður

---

<sup>12</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 6.

<sup>13</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 7.

<sup>14</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 8.

<sup>15</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 8.

til að ætla að lýðræðiskerfi sé sjálfkrafa réttlátt kerfi. Lýðræðislegar ákvarðanir geta verið mjög óréttlátar þótt þær séu teknar með eins lýðræðislegum hætti og völ er á.<sup>16</sup>

Réttlæti og lýðræði eru tvö ólík hugtök þótt þau tengist óneitanlega. Þrátt fyrir að sumir gætu fært fyrir því rök að réttlátt samfélag geti verið ólýðræðislegt þá telja miklu fleiri að lýðræðislegt ferli sé langlíklegast til að tryggja félagslegt réttlæti í samfélögum til lengri tíma litið. Á hinn bóginn efast fáir um að lýðræðissamfélög geti stuðlað að og stuðli í raun að óréttlæti.<sup>17</sup>

Helstu spurningum um samband réttlætis og lýðræðis eða á milli ólíkra túlkana á þessum fyrirbærum hefur enn ekki verið að fullu svarað. Barry skoðar í rannsóknum sínum ólík sambönd á milli lýðræðis og réttlætis þar sem sambandið togast í mismunandi áttir. Hér ætla ég eingöngu að skoða hugmyndir hans um sambandið á milli lýðræðis og réttlætis í tengslum við kyn enda tengist það ritgerðarefninu beint.<sup>18</sup>

Gagnkvæmni sambandsins á milli réttlætis og lýðræðis verður sérstaklega áhugavert þegar við skoðum það með tilliti til hópa sem hefur verið neitað um hvoru tveggja, þá ekki síst kvenna. Hefðbundið ójafnræði með kynjunum helst í hendur við kerfisuppbyggingu „lýðræðisins“ sem hefur verið viðhaldið af körlum. Það segir sína sögu að helsta viðmiðið fyrir stöðu lýðræðis, það er barátta kvenna fyrir kosningarétti á heimsvísu, hefur tekið mjög langan tíma og borið ávöxt seint, jafnvel í gömlum og rótgrónum lýðræðisríkjum. Í mörgum löndum Evrópu fengu konur til dæmis fyrst kosningarétt eftir seinni heimsstyrjöldina og í einu fylki í Sviss höfðu karlar eingöngu kosningarétt og konum var alfarið haldið frá lýðræðislegri ákvarðanatöku til ársins 1989. Og enn hefur barátta kvenna fyrir kosningarétti á heimsvísu ekki haft fullnaðarsigur.<sup>19</sup> Í hvers konar hugmyndum á þetta misrétti rætur sínar?

Konur nutu lengi ekki ríkisborgararéttar síns því það var talið að þær væru óhæfar til að stjórna sjálfum sér, hvað þá öðrum. Þær þóttu veikgeðja og einkum gerði ástúð þeirra í garð annarra þær óhæfar til að takast á við það vandasama og yfirvegaða verkefni að hlutast til um opinber málefni og heildarhagsmuni fjöldans. Yfirráð karla á konum tíðkuðust á heimilum eins og við stjórn ríkis og sveitarfélaga og fyrstu femínistarnir gagnrýndu einmitt sérstaklega yfirráð karla í hjónabandinu. Því þegar ríkjandi hugmyndir um hlutverk kynjanna eru þær að sjálfsmynd og sjálfstæði konunnar rennur saman við sjálfsmynd og sjálfstæði

---

<sup>16</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004:5.

<sup>17</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 23-24.

<sup>18</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 7-13.

<sup>19</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 11.

karlsins við hjónaband þá getur hún ekki verið sjálfstæður ríkisborgari. Jafnvel nú þegar konur standa jafnfætis körlum hvað varðar borgaraleg og pólitísk réttindi þá er hjónabandið ekki enn réttlát stofnun, segir Barry.<sup>20</sup>

Barátta kvenna fyrir lýðræðisvæðingu opinberra stofnana, eins til dæmis og þjóðþinga og ráðuneyta, hefur reynst miklu erfiðari en barátta þeirra fyrir kosningaréttinum. Það er viðtekin skoðun að starf kjörinna fulltrúa felist fyrst og fremst í því að tala fyrir hagsmunum kjördæmisins og greiða atkvæði í samræmi við það. Sá fulltrúi sem tekst vel til við að vinna hagsmunum kjördæmisins brautargengi er fulltrúi sem nær árangri. Gagnrýni á þennan skilning á fulltrúahlutverkinu á sér æði langa sögu. Ef við bætum við nýjum hugmyndum um umræðustjórnsmál, þátttöku sem byggist á umræðum og íhugun, fáum við aftur kröfuna um að fulltrúar eigi að endurspeglar auðkenni og ímyndir, ekki bara hugsjónir og hagsmuni. Þarna erum við aftur komin með það sem Anne Phillips kallar stjórnsmál nærverunnar (e. *politics of presence*). Í hugmyndafræðinni felst að aðeins konur geti verið fulltrúar kvenna, blökkumenn fulltrúar blökkumanna og svo framvegis. Rannsóknir sýna einnig að um leið og konum fjölgar í hópi kjörinna fulltrúa fjölgar um leið lagasetningum sem snerta með beinum hætti málefni kvenna.<sup>21</sup>

Þessa tegund stjórnsmála má réttlæta með því að benda á að hún dýpkar skilning á auðkennum borgaranna og um leið á hagsmunum og hugsjónum allra í samfélaginu. En stjórnsmál nærverunnar má líka réttlæta með sterkari rökum, að minnsta kosti í tilfalli kvenna. Konur eru helmingur borgaranna (sumstaðar fleiri). Njóti þær ekki jafnréttis og jafnræðis sem þátttakendur í ákvarðanatöku á öllum stigum stjórnsýslunnar skortir enn á réttlæti og lýðræði.<sup>22</sup>

## 1.6 Samantekt

Eins og sést í næsta kafla setti framboð Vigdísar Finnbogadóttur forsetakosningarnar 1980 í mikið uppnám. Um fátt var meira rætt bæði hér heima og í erlendum fjölmiðlum en þessa einstæðu móður sem ætlaði sér að verða fyrst kvenna á heimsvísu þjóðkjörinn forseti. Sjálf sagði Vigdís framboð sitt hafa verið fífldirfsku í ljósi tíðarandans. En af hverju skipti kyn hennar svo miklu máli? Kenningarnar sem ég hef fjallað um skýra það að miklu leyti. Hugmyndir Anne Phillips skýra til dæmis vel hverju nærvera Vigdísar í forsetakosningunum

---

<sup>20</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 11-12.

<sup>21</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 13.

<sup>22</sup> Keith Dowding, Robert E. Goodin og Carole Pateman 2004: 13.

breytti fyrir aðrar konur. Kenningar um krítíska massa og krítíska gerendur eiga kannski betur við um stöðu kvenna á þingi og í sveitarstjórnnum en kenningin um krítíska gerendur skýrir engu að síður nokkuð vel áhrifin af framboði Vigdísar og hvernig það kom hreyfingu á málefni kvenna. Í kenningum kynjafræðinnar um styðjandi og mengandi kvenleika tel ég ræturnar að andstreyminu sem mætti Vigdísu í forsetakosningunum liggja og sömuleiðis orðræðunnar sem viðhöfð var um eina kvenframjórðandann sem virtist velgja svo mörgum undir uggum. Að lokum finnst mér athyglisvert hversu margir gerðu hjúskaparstöðu Vigdísar að umtalsefni í aðdraganda forsetakosninganna 1980 og ég hef oft velt því fyrir mér hverju það hefði breytt fyrir hana að hafa eiginmann sér við hlið í kosningabaráttunni. Kenningar Brians Barry um lýðræði og réttlæti í tengslum við kyn varpa ljósi á af hverju þetta skipti máli. Sérstaklega legg ég á áherslu á það sem hann segir um hjónabandið í þessu sambandi. Barry útlístar nefnilega vel hvernig hjónabandið stofnanabindur kynjamisréttið og hefur haldið aftur af konum í gegnum aldirnar.



## 2 Þjóðin kýs forseta

Um leið leitað er svara við rannsóknarspurningunni um hvaða máli kyn Vigdísar Finnbogadóttur skipti í forsetakosningunum 1980 verður að skoða hvernig hún varð forseti. Hvað varð til þess að kona varð forseti á þessum tímapunkti í Íslandssögunni, fyrst allra þjóðkjörin í heiminum?

Kristján Eldjárn, þáverandi forseti Íslands, tilkynnti í nýársávarpi sínu 1. janúar 1980 að nýhafið ár yrði hans síðasta í embætti og kom sú yfirlýsing ekki á óvart. Orðrétt sagði Kristján: „Góðir landsmenn. Langt er nú liðið á þriðja kjörtímabil mitt. Það er áreiðanlega á vitorði flestra, að ég hef fyrir allöngu gert það upp við sjálfan mig að bjóða mig ekki oft fram til að gegna embætti forseta Íslands. Fyrir nokkrum mánuðum skýrði ég forsætisráðherra sem þá var, frá ákvörðun minni, svo og formönnum allra stjórn málaflokka, enn fremur nýlega núverandi ríkisstjórn. Og nú skýri ég yður öllum frá þessu opinberlega, staðfesti það sem fáum mun koma á óvart.“<sup>23</sup>

Vangaveltur höfðu þegar hafist um eftirmann Kristjáns. Reyndar hafði þekktur maður í þjóðlífinu Albert Guðmundsson gefið það skýrt til kynna í ágúst 1979 að hann hefði hug á forsetaembættinu.<sup>24</sup> Hinn 14. janúar 1980 tilkynntu svo tveir embættismenn um framboð sitt, Guðlaugur Þorvaldsson, ríkissáttasemjari og fyrrverandi háskólarektor, og Pétur J. Thorsteinsson sendiherra. Báðir höfðu verið farsælir í starfi og nutu virðingar í samfélaginu. Það lá því fyrir strax í upphafi ársins 1980 að þrír karlmenn á háu strái í þjóðfélaginu höfðu tilkynnt um framboð; allt vinsælir menn, vel þokkaðir og virtir. Einhvern tíma hefði þetta þótt harla gott en þær raddir heyrðust líka að þótt þetta væru allt ágætis menn væru þeir of líkir til að endurspegla fjölbreytni samfélagsins, til dæmis væru þeir allir af sama kyni.<sup>25</sup>

Áttundi áratugurinn var tími margvíslegra breytinga í íslensku samfélagi. Stöðugt dró úr einangrun Íslands og hræringar í þjóðfélagsmálum erlendis, umræður og kenningar, höfðu sífellt meiri áhrif hér heima. Þau mál sem ekki síst einkenndu þennan áratug og voru efst á baugi voru jafnréttismál og kvenréttindi -og í þeim málaflokki varð ef til vill mestur sýnilegur árangur. Konur fóru í auknum mæli að krefjast réttar síns og láta meira til sín taka í

---

<sup>23</sup> <http://www.forseti.is/media/files/01.01.80.K.E.nyarsavarp.pdf>

<sup>24</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 278.

<sup>25</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 279-280.

samfélaginu. Þar bar hæst Kvennafrídaginn 24. október 1975 sem var heimsviðburður. Þann dag lögðu tugþúsundir íslenskra kvenna niður störf og söfnuðust saman á Lækjartogi til þess að halda fund um rétt sinn og stöðu. Um leið áréttuðu þær mikilvægan þátt sinn í gangverki samfélagsins, því auðvitað lamaðist allt atvinnulíf á meðan. Afrakstur þessa óvenjulega fundar varð miklu almennari kvennavakning; hafi kvennabaráttan áður verið fyrst og fremst á hendi menntakvenna, einkum til vinstri, þá náði fundurinn að virkja „hina almennu konu“ í baráttunni fyrir auknum hlut kvenna í samfélaginu og jafnrétti á við karla. Eftir Kvennafrídaginn gaf heldur betur vind í seglin. Bein afleiðing þessa var að í röðum kvenna urðu sífellt háværi raddir um að það væri með öllu ótækt að ekki yrði kona í framboði til embættis forseta Íslands.<sup>26</sup>

Svanhildur Halldórsdóttir, kosningastjóri Vigdísar Finnbogadóttur, rifjaði upp kosningabaráttuna 1980 og aðdraganda hennar í erindi sem hún flutti á málþingi, Veljum Vigdísu, í Háskólabíói 15. apríl 2005. Þar segir Svanhildur meðal annars: „Í ársbyrjun fór nafn Vigdísar Finnbogadóttur að heyrast æ oftar í umræðunni. Það stóð hins vegar á viðbrögðum af hennar hálfu.“ Góður vinur Svanhildar tengdist hópi jafnréttissinnaðra kvenna og karla sem höfðu áhuga á að Vigdís gæfi kost á sér. Til að sýna Vigdísu að full alvara væri á bak við þá umræðu sem í gangi var, var ákveðið að safna áskorendum á lista. „Ég hafði heyrt vel af Vigdísu látið, vissi að hún var hæfileikarík og fjölmenntuð, þannig að það var auðsótt þegar ég var beðin um að safna áskorendum. Ekki grunaði mig þá hvaða dilk það drægi á eftir sér.“ Svanhildur segir að það hafi verið létt verk að fá fólk til að skrifa undir áskorun. Þetta var fólk úr ýmsum áttum, á öllum aldri, bæði karlar og konur. „Reyndar voru konur 63% þeirra sem skráðu nöfn sín á þessa lista. Þarna var fólk sem síðar kom til liðs við framboðið og vann af miklum einhug.“<sup>27</sup>

Líklega kemur nafn Vigdísar Finnbogadóttur sem mögulegs forsetaframbjóðanda fyrst á prenti í stuttu lesendabréfi Laufeyjar Jakobsdóttur í Dagblaðinu 15. janúar 1980. Laufey, þekkt sem amman í Grjótaþorpinu sem veitti ölvuðum unglíngum næturskjól, hafði hringt í blaðið: „Við vorum að ræða saman nokkrar konur og komumst að þeirri niðurstöðu að það ætti að skora á Vigdísu Finnbogadóttur leikhússtjóra að bjóða sig fram til forseta. Og gerum við það hér með. Og skorum jafnframt á allar konur að fylkja sér um Vigdísu og fá hana sem forseta.“<sup>28</sup>

---

<sup>26</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 280-281.

<sup>27</sup> Svanhildur Halldórsdóttir: Í kosningabaráttu með Vigdísu.

<sup>28</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 281-282.

En af hverju Vigdís? Hvernig gerist það að einmitt hennar nafn fer á flug? Í því efni er að ýmsu að hyggja og þarna gerast margir hlutir í senn og á ólíkum sviðum. Virkustu konur í kvenréttindabaráttunni réðu ráðum sínum, staðráðnar í að finna kvenframbjóðanda; konur úr röðum almennings létu hugann reika, og frumkvæði Laufeyjar og féлага kemur úr þeirri átt, og fólk tengt menningarlífi velti því fyrir sér hvort ekki væri hægt að finna frambjóðanda utan embættismannakerfisins og ótengdan stjórnámálum, rétt eins og þegar Kristján Eldjárn var særður í framboð. Vigdís uppfyllti margar forsendur þessara hópa og var um leið á ýmsan hátt sá kvenframbjóðandi sem leitað var að. Hún var þekkt andlit úr sjónvarpi í gegnum frönskukennslu og menningarþætti, og vel kynnt í menningarlífinu sem leikhússtjóri. Það voru ekki margar konur sem gátu skartað endingunni -stjóri aftan við nafn sitt á þeim vettvangi. Sjálf menningartengingin var reyndar mjög mikilvæg; það kom skýrt fram í tali fólks sem velti vöngum um væntanlegan forseta að því var Kristján Eldjárn ofarlega í huga og að nýr forseti yrði sem líkastur honum um áherslur. Vigdís var glæsileg kona sem átti auðvelt með að tjá sig á mörgum tungumálum, kom vel fyrir, sjálfstæð og örugg menntakona. Hún gerði sig vel í fjölmiðlum, eins og nú er sagt, og hafði þegar náð umtalsverðri sjónvarpsfrægð. Eins og síðar kom í ljós var líka mikilvægt að Vigdís hafði margvísleg vináttusambönd úti um allt land í gegnum störf sín að ferðamálum. Það kom reyndar konum, sem könnuðu fylgi við Vigdísi á bak við tjöldin án hennar vitundar, á óvart hversu mikinn stuðning og hljómgrunn framboð hennar átti á landsbyggðinni.<sup>29</sup>

## 2.1 Kona býður sig fram

Lesendabréfunum fjölgaði og skeytum og áskorunum sömuleiðis og innan tíðar varð Vigdís ljóst að hér var um fyllstu alvöru að ræða. „Þegar að sjómennirnir sendu mér skeytið þá sá ég nú var kominn tími til að taka afstöðu, annað hvort af eða á. Og mín afstaða var alveg fram á síðasta dag að þetta gæti ég ekki. Þetta væri of mikið skref að stíga.“ Sífelld er ýtt meira á Vigdísi og um tíma varð hún að fara af skrifstofunni sinni í Iðnó vegna þess að þar var svo mikill ágangur og menn komu á tröppurnar á heimili hennar að Aragötu 2. Að lokum eru það nánustu vinir hennar hjá Leikfélagi Reykjavíkur sem gera sér svo vel grein fyrir þessu að þeir kalla Vigdísi á sinn fund og segja að nú sé stundin komin að taka afstöðu, af eða á. „Og það var Tómas minn Zoëga, sem var framkvæmdastjóri og afskaplega heilsteyptur samstarfsmaður, það var hann sem kallaði mig til sín ásamt öðrum vinum og sagði við mig: „Nú verður þú að gera upp hug þinn og við stöndum á bakvið þig ef þú tekur þessa ákvörðun

---

<sup>29</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 282.

og þú bara verður að gera þetta.“ Svo ég segi eitthvað á þá leið: „Já, þá geri ég það bara.“ Síðan fer ég heim og það er komið fram yfir miðnætti og ég var að ryksuga alla nóttina. Ég sá svo eftir þessu að ég hringdi í Tómas eldsnemma næsta morgun og sagði við hann: „Ég bara get þetta ekki,“ og þá sagði hann: „Það er orðið of seint, það koma blaðamenn til þín klukkan hálf níu. Þetta var mjög dramatískt,“ rifjaði Vigdís upp á haustdögum 2010 þegar hún var beðin að lýsa því hvernig endanleg ákvörðun um forsetaframboð var tekin.<sup>30</sup>

## 2.2 „Hvar verður bóndinn?“

Það verður sem sagt úr að Vigdís tilkynnir um framboð sitt til forseta 1. febrúar og eru frambjóðendur þar með orðnir fjórir. Framboð Vigdísar hlaut eðli málsins samkvæmt mikla athygli og urðu margir til að fagna því. En tilhugsunin um konu á forsetastóli hugnaðist hreint ekki öllum eins og sjá mátti í aðsendri grein sem Valgarður L. Jónsson ritaði í Morgunblaðið þann 9. febrúar. Þar segir meðal annars:

Það er gömul íslensk hefð að bóndi standi úti fyrir heimili sínu og taki á móti gesti sem að garði ber, þjóði til stofu, spyrji fréttu og taki við erindi gestsins. Konan gegnir sínu hlutverki, sem er engu minna, lagar sig til og gengur í stofu, heilsar gestum og býður veitingar, sem hún ber oft fram af rausn. Þessi forna íslenska bændamenning ætti að varðveitast með íslenskri þjóð um ókomin ár. Það er dýrmæt erfð kynslóðanna, sem ber að varðveita. Því kynni ég því vel að þessi gamla þjóðarhefð yrði varðveitt á heimili æðsta manns þjóðarinnar, forsetaheimilinu að Bessastöðum. Ég kynni því betur að þar mætti gestum höfðinglegur karl, húsbóndi heimilisins á bæjarhellu, hann byði til stofu, þar gengi fram virðuleg íslensk kona, sem byði gesti velkomna og veitti þeim góðgerðir, gegndi sem ætíð sínu göfuga húsmóðurhlutverki. [...] Ef hér skipaði kona ein, og væri gift, þá gengi hún fyrst fram mót gestum. Hvar yrði bóndinn? Kannski sem vinnumaður einhvers staðar í verkunum. Því formi kynni ég ekki.

Hann bætir við í niðurlagi greinarinnar:

Við látum okkur ekki detta í hug að gera æðsta býli Íslendinga að einsetubæli, það væri niðurlæging á meðan óbreyttir stjórnarhættir ríkja á Íslandi. Í starfið veljum við góð, virðuleg hjón, sem eiga flekklausu fortíð, óflekkað mannorð, gáfur, menntun og glæsileik.<sup>31</sup>

Vigdís kippti sér lítið upp við skrif af þessu tagi og rifjaði kímin upp þrjátíu árum síðar:

Þetta var bara gamaldags karl að skrifa um sínar skoðanir. Og ég get nú ímyndað mér, ég man nú ekkert eftir þessu bréfi, en ég get nú ímyndað mér að ég hafi hugsað: „En hvað þetta er ljúft og sætt og ímyndin einhvern veginn langt frá raunveruleikanum. Því raunveruleikinn er ekki að embættismaðurinn standi á bæjarhellunni og konan sé að hella upp á kaffi innandyra. Mér finnst þetta svolítið lýsa því að menn hafi haldið að húsfreyjan á Bessastöðum væri í því að pressa buxurnar af sínum bónda eða strauja skyrtunna eða eitthvað svoléiðis en til allrar hamingju er nú nokkur hjálp við húsverk og annað slíkt því húsið er stórt. Það væri til að æra óstöðugan að vera í öllum þeim innanhússverkum sem þar þarf að framkvæma.“<sup>32</sup>

<sup>30</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífldjarfa framboðið*.

<sup>31</sup> Valgarður L. Jónsson: Hjón eru eitt einnig í embætti forseta, bls. 21.

<sup>32</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífldjarfa framboðið*.

Svanhildur Halldórsdóttir kosningastjóri segir svo frá um viðhorf almennings til kvenframbjóðandans: „Framboð Vigdísar vakti frá upphafi mikla athygli og fyrst og fremst vegna þess að hún var fyrst kvenna til að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands. En tíðarandinn var vissulega annar þá en nú. Það er nokkuð lýsandi fyrir ríkjandi viðhorf að í viðtali við Vigdís í Dagblaðinu 1. febrúar er fyrsta spurning blaðamannsins svohljóðandi: „Óttastu ekki að sú staðreynd að þú ert kona geti háð þér í forsetaembætti?“ Aldrei hefði karlmaður verið spurður hvort hann óttaðist ekki að það gæti háð honum í forsetaembætti að vera karl. Og síðan kom í viðtalinu: „Nú ert þú ógift“ -nokkuð sem átti eftir að hljóma oft í kosningabaráttunni. Sem sagt, hér var kona að gefa kost á sér í æðsta embætti þjóðarinnar - einhleyp og með barn. Greinilega ótraustvekjandi staðreyndir,“ segir Svanhildur og bætir við: „Þjóðin var eilítið ráðvillt, það var eins og fólki þætti það árás á hefðbundið fjölskyldumunstur, pabbi, mamma, börn og bíll, að mæla með því að einhleyp kona gegndi forsetaembættinu. Þar ætti að sitja forystusinnaður karl með eiginkonu sér við hlið að styðja sinn mann til góðra verka -vera húsmóðir á Bessastöðum. Hvernig ætti Vigdís að geta gegnt forsetaembættinu og verið jafnframt húsmóðir, og hvað með barnið, hvernig ætlaði hún að sinna uppeldi þess? Átti nú að kasta gömlum góðum gildum fyrir róða -vildu menn að þetta yrði sú fyrirmynd sem þjóðin fengi af heimilshaldi á þjóðarheimilinu. Kona getur aldrei axlað ein þá ábyrgð sem þessu starfi fylgir -hún verður að hafa maka sér við hlið- voru raddir sem oft heyrðust. Og blessuð börnin spurðu hvort kona gæti verið forseti.“<sup>33</sup>

---

<sup>33</sup> Svanhildur Halldórsdóttir: Í kosningabaráttu með Vigdís.

### 2.3 Kvenframbjóðandi hvetur og hræðir

Margir voru vissulega andsnúnir framboði Vigdísar en það var líka ljóst að hún blés með framboði sínu konum kjark í brjóst eins og sjá mátti í aðsendri grein sem Ingibjörg Þorgeirsdóttir ritar í Dagblaðið 3. júní 1980 undir fyrirsögunni „Vigdís þorir að brjóta ís fordóma“ en þar segir Ingibjörg m.a. þetta: „Fyrir mitt leyti finnst mér þarna fram ganga hugrökk kona, sem leggur í að brjóta ís gamalla fordóma á nýjan og áhrifaríkan hátt. Hún vílar ekki fyrir sér, ef á þyrfti að halda, að gjörast bæði „bóndinn og húsfreyjan“ á æðsta höfuðbólí landsins, minnug þess, hve fjölmargar konur á fjölmörgum heimilum þessa lands hafa á undanförunum árum og öldum margoft mátt taka að sér að vera „bæði bóndinn og húsfreyjan“ þegar menn þeirra sóttu sjó eða stunduðu önnur störf langdvöldum fjarri heimilum sínum.“<sup>34</sup>

Vigdís var óteljandi sinnum spurð hvort ekki væri óheppilegt fyrir einstæða móður að setjast að á Bessastöðum og nú skoða ég hvernig hún svaraði því við nokkur tækifæri. Í Vísi 27. mars var Vigdís spurð hvort henni fyndist það skipta máli þegar hún byði sig fram til forsetakjörs að hún sé kona. „Nei -það er alltaf verið að spyrja mig hvort það skipti máli en slíkt hefur aldrei komið til í mínum huga og tel ég það mitt lán. Annars er það rötgróið hér á Íslandi að óvenjulegt þykir að konur bjóði sig fram til opinberra starfa. Það ríkir eitthvert vantraust á konum hjá þeim sjálfum. Það eru frekar karlmennirnir sem vilja koma þeim á framfæri.“ Þá var Vigdís spurð hvort það breytti einhverju að hún væri ógift og hún svaraði: „Ég sé nú ekki hverju það ætti að breyta. Maki getur hvort sem er ekki sinnt embættisskyldum forsetans. En það er enginn vafi að karlmenn eru miklu verr settir í svona embætti konulausir en öfugt. Það stafar af því að embætti forsetans er í rauninni tvíþætt: Í fyrsta lagi að sinna embættisstörfum og í öðru lagi að reka tiltölulega gestkvæmt heimili -og þar standa konur betur að vígi enn sem komið er.“<sup>35</sup>

Í viðtali við fréttamann norska ríkissjónvarpsins sagði Vigdís um makaleysið að „það gæti ekki gerst að karl af hennar kynslóð færi að umturna allri sinni tilveru til að fylgja eiginkonu sinni til Bessastaða. Það væri með öllu óhugsandi á Íslandi.“<sup>36</sup>

Umtalið var stundum miskunnarlaust og gekk nærri persónu Vigdísar. Meðal annars voru krabbameinsveikindi hennar höfð í flimtingum og einkum sú staðreynd að hún hafði undirgengist brjóstnám. Í heimildamyndinni *Vigdís: Fífldjarfa framboðið* segir Vigdís um

<sup>34</sup> Ingibjörg Þorgeirsdóttir: Vigdís þorir að brjóta ís fordóma, bls. 2.

<sup>35</sup> Vigdís Finnbogadóttir: „Mótfallin því að forseta verði gefin meiri völd,“ bls. 13.

<sup>36</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífldjarfa framboðið*.

þetta: „Já, já, menn hikuðu ekki við það. Það var nýtt líka, það var svo margt nýtt sem kom fram þarna, eins og að spyrja mig hreint út: „Er það ekki rétt að þú hafir fengið krabbamein?“ og eiginlega láta í það skína að ég yrði ekki langlíf og gæti farið illa út úr því,“ sagði Vigdís þrjátíu árum síðar.<sup>37</sup>

Í Morgunblaðinu þann 24. júní 1980 er Vigdís spurð hvort hún hafi orðið vör við kjaftasögur í sambandi við kosningarnar. Svareð gefur til kynna að slíkar sögur hefðu aðeins farið af stað um kvenframbjóðanda. Vigdís segist ekki hafa orið vör við kjaftasögur um keppinautana en hennar fólk segi henni stundum sögur sem það hafi heyrt og það fái ekkert á sig en sumir aðrir taki það nærri sér. „Ég er nú svo vel sett, að illmælggi um mig berst ekki til minna nánustu. Öldruð móðir mín dvelst í sjúkrahúsi og dóttir mín er enn svo ung [á áttunda aldursári], að hún mundi sennilega ekki skilja hvað átt væri við. Annars eru sumar sögurnar nú ekki alveg lausar við að vera spaugilegar. Á ég að segja þér þá nýjustu, sem ég heyrði? Hún er nú reyndar um Ástríði dóttur mína. Hún átti að hafa verið að hrinda gamalmennum á einhverri stultu-uppákomu niðri á Lækjartorgi. Sagan átti að vera til marks um það hvað krakkinn væri illa innrættur og óuppalinn af móður sinni.“<sup>38</sup>

Svanhildur Halldórsdóttir kosningastjóri Vigdísar segir að stöðugt hafi forsetaframbjóðandinn verið spurður um makaleysið. „Mótframbjóðendur áttuðu sig auðvitað á því að þarna áttu þeir leik og tefldu mökum sínum mikið fram þegar leið á kosningabaráttuna, þannig að stundum mátti ekki á milli sjá hver var í framboði. Það kom jafnvel upp metingur um hver væri best kvæntur.“<sup>39</sup>

## 2.4 Konan á móti körlunum

Föstudaginn 20. júní komu allir forsetaframbjóðendurnir fram í beinni útsendingu í sjónvarpinu og svöruðu spurningum fréttamanna. Meðan á útsendingunni stóð tæmdust göturnar. Þar voru forsetaframbjóðendurnir spurðir hvort æskilegt væri að hjón sætu á Bessastöðum. Pétur Thorsteinsson sendiherra sagði það æskilegt. Á Bessastöðum væri ákaflega mikil risna, stærri og minni samkvæmi stundum á hverjum degi, og ef forsetinn eigi að geta sinnt þýðingarmiklum störfum þá hafi hann ekki mikinn tíma til að hugsa um þau mál sjálfur.

Nú það hefur sýnt sig á þeim árum sem við höfum haft karlmann í forsetasæti að eiginkonan hefur haft miklu hlutverki að gegna. Hún hefur tekið á móti einstaklingum og hópum sér, hún hefur mætt við

<sup>37</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífljarfa framboðið*.

<sup>38</sup> Vigdís Finnbogadóttir: *Manneskjuleg ábyrgð skiptir mestu*, bls. 17.

<sup>39</sup> Svanhildur Halldórsdóttir: *Í kosningabaráttu með Vigdís*.

tækifæri þar sem forsetinn hefur ekki getað mætt. Enda skilst mér að það sé skoðun núverandi forsetahjóna og fyrrverandi forsetahjóna að þetta sé í raun tveggja manna starf. Það er stundum spurt, ef það er svo, ætti þá eiginkonan ekki að fá sérstök laun fyrir sitt. Náttúrulega má segja að þarna er vel launað starfið og mætti kannski kalla þetta tveggja manna laun en það eru ótal mörg störf þar sem eiginkonan vinnur mikið starf og raunar má benda á það, hvenær hefur eiginkonan á Íslandi fengið nokkur laun?<sup>40</sup>

Guðlaugur Þorvaldsson var spurður hvort nauðsynlegt væri að hafa forsetafrú á Bessastöðum þar sem ekkert stæði í lögum um tilvist hennar. Guðlaugur sagðist telja það.

Það hefur nú verið sagt að þetta sé tveggja manna starf og ég er því sammála. Og ég vil ekki gera lítið úr starfi húsfreyjanna að Bessastöðum undanfarna áratugi. Ég held til dæmis að það sé þýðingarmikið þegar forseti Íslands ferðast um landið þá sé nauðsynlegt fyrir hann að hafa konuna með sér. Það er nú einu sinni svo að það eru tvö kyn sem byggja þetta land og ég held það sé afskaplega æskilegt að þau séu tvö á ferð meðal fólksins.

Vigdís sagði þegar hér var komið sögu að hún vissi ekki hvernig kona gæti verið í framboði til þessa embættis í ljósi þess sem meðframbjóðendur hennar höfðu sagt því kona gæti ómögulega komið sér upp eiginkonu eða húsfreyju.

Þetta makaleysi mitt það hefur borið á góma undanfarið og ég hef verið að leika mér að orðunum að sjálfsögðu. Ég tel í þessu tilviki að ég geti vel verið tveggja manna maki, til dæmis. Og með þetta að ferðast um landið og hafa einhvern með sér þá er ég svo vel í stakk búin að ég á dóttur, sem er æska Íslands, hún er að verða átta ára, sem ég tel fullgildan fulltrúa til að ferðast með mér um landið, ef að tveir þurfa að fara um landið. Og í annan stað verð ég að geta þess að ég er húsfreyja sjálf.

Vigdís var í framhaldinu spurð hvernig hún ætlaði að sinna þýðingarmiklum forsetastörfum ef hún féllist á að það væri mikið verk að vinna heima á Bessastöðum.

Ég fellst svo sannarlega á það. Ég held að ég hafi þá skipulagshæfileika, af allri hógværð leyfi ég mér að segja það, að ég gæti skipulagt veislur og fengið fólk til að aðstoða mig við það jafnvel þótt ég væri að sinna embættisverkum í Stjórnarráðshúsinu.<sup>41</sup>

Albert Guðmundsson var ómyrkur í máli og skaut fast á Vigdís þegar hann var spurður um hvort nauðsyn væri að hafa hjón á Bessastöðum.

Ég ætla nú ekki að nota alla mína hógværð eins og Vigdís en ég á þrjú börn. Og ég myndi ekki treysta mér þrátt fyrir það að sinna forsetaskyldum með þremur börnum. Ég veit ekki hvernig Vigdís ætlar að fara að láta blessað barnið gegna hluta af forsetaskyldum. En ég minnst þess að Ásgeir Ásgeirsson, sem átti þó aðgang að mjög góðri aðstoð frá sínum tengdadætrum og dætrum, hann treysti sér ekki til að gegna embættinu eftir að hann var orðinn ekkjumaður. Þannig að ég tel tvímælalaust nauðsynlegt að hjón sitji á Bessastöðum.

---

<sup>40</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífljarfa framboðið*.

<sup>41</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fífljarfa framboðið*.



Albert sagði að sér fyndist heimilið strax verða afskaplega mikið öðruvísi ef konan færi í frí. Þá grípur Guðlaugur inn í og segist myndu leiðast ef hann væri einn á Bessastöðum. Vigdís er þá spurð hvort henni muni leiðast á Bessastöðum. „Nei, ég er alveg sannfærð um að mér myndi aldrei leiðast á Bessastöðum. Og mig langar til að varpa eilítili spurningu til minna meðframbjóðenda. Ef að konur ykkar væru í framboði mynduð þið þá vilja taka að ykkur húsfreyjustörfin á Bessastöðum?“ Pétur og Albert svara ekki en Guðlaugur segir; „Ég vildi gjarnan gera það, ég hef gaman af matseld og ég hefði gaman af því að gera það.“<sup>42</sup>

Kannski má segja að kjarninn í framboði Vigdísar komi fram þegar Vigdís er spurð út þau ummæli sín að hún sé framboði vegna dætra þjóðarinnar, kjör hennar verði þá stuðningur við jafnréttisbaráttu kynjanna og þar með sé hún í raun að segja það eigi að kjósa hana af því að hún sé kona.

Nei, það á ekki að kjósa mig af því að ég er kona. Það á að kjósa mig af því að ég er maður og innan orðsins maður er bæði karl og kona. Það á að vera alveg sjálfsagður hlutur að kjósa konu til jafns við karlmann. En við vitum það að það hefur ekki ríkt jafnrétti í þessu landi í þessum málum og ef ég get hjálpað dætrum okkar við að það teljist sjálfsagt að þær komi fram til jafns við karla þá tel ég að ég hafi lagt eitthvað til mála sem er þeim til gagns og góða.<sup>43</sup>

## 2.5 „Þið eruð líka í framboði“

Þann 25. júní birtist úttekt Guðmundar Magnússonar blaðamanns í Dagblaðinu á kosningaferðalaginu með Vigdísu. Í kaffisþjalli með stuðningsmönnum í heimahúsi við Byggðaveg á Akureyri kemur glöggt fram viðhorf Vigdísar til stöðu sinnar í kosningunum. „Það er ekki ég ein sem er í framboði,“ sagði Vigdís þegar rætt var um kosningahorfur og gang baráttunnar að undanförunu. „Þið eruð líka í framboði og ég er oddviti ykkar. Þetta eru kosningarnar okkar.“<sup>44</sup>

En það var ekki bara frambjóðandinn sem fékk sinn skerf af skilningsleysi og fordómum heldur kosningastjórinn líka. Og það jafnvel frá stuðningsmönnum framboðsins! Það segir sitt um rötgróið þjóðfélagsviðhorfið á þessum tíma. Svanhildur Halldórsdóttir fann eftirfarandi frásögn í dagbók sinni frá þessum tíma um samskipti sín „við eldri mann - frammámann í sinni sveit, sem þótti nokkurs um vert að fá til að styðja framboðið.“ Svanhildur hafði lagt sig nokkuð fram um að ná sambandi við fólk til að safna meðmælendum og unnið talsvert og Vigdís var búin að telja hana á að vera kosningastjóri, sem margir töldu

<sup>42</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fíflðjarfa framboðið*.

<sup>43</sup> Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos: *Vigdís: Fíflðjarfa framboðið*.

<sup>44</sup> Guðmundur Magnússon: „Það er ævintýri að gerast,“ bls.20.

hið mesta óráð. Vanir menn höfðu af þessu þungar áhyggjur. Svo var það eitt kvöldið að þessi herramaður hringir í hana og segist vera að velta því fyrir sér að styðja Vigdísi -taldi hana sannarlega hæfa til að gegna embættinu, þetta væri heiðarleg og réttsýn kona, það hefði hann fyrir satt.

En nú hafði hann frétt að ég ætti að heita kosningastjóri -mig hefði hann aldrei heyrt nefnda á nafn áður, vissi það eitt að ég hefði aldrei starfað í kosningabaráttu. Það væru að renna á sig tvær grímur, hvort þetta væri bara tómmt flan allt saman. Hann vildi fá að koma og skoða mig eins og hann orðaði það. Og svo birtist hann -ég mætti honum í dyrunum heima hjá mér í mínum gallabuxum með börnin á hælunum. Hann starði á mig frá toppi til táar og sagði. „Nú þú ert þá bara stelpa,“ og leyndi sér ekki vantrúin á þessa persónu: „Við þurfum vanan mann sem gjörþekkir svona baráttu og kann að fara fyrir fólki og hrífa það með sér.“

Þessum stuðningsmanni Vigdísar leist greinilega ekki meira en svo á kosningastjórnann. Svanhildur segir að samskiptum þeirra hafi þó lokið svo að hann kvaddi sáttur og studdi framboðið heilshugar. „Ég held hann hafi áttað sig á að við stelpurnar myndum geta þetta,“ segir Svanhildur og bætir við: „Karlar sýndu okkur gjarnan föðurlega umhyggju og fas, sem mér fannst hálf vandræðalegt. Þeir ávörpuðu mig oft vinan – „vina mín“ sögðu þeir blíðum rómi -og það fór ekki framhjá mér að þeir álitu mig svolítið hjálparvana í þessu mikilvæga hlutverki. Við vorum komnar inn á þeirra svið og þeir vildu kenna okkur leikreglur og vernda okkur.“<sup>45</sup>

## 2.6 Skorað á konur

En frambjóðandi hverra var Vigdís Finnbogadóttir sumarið 1980? Sem eina og fyrsta konan í forsetaframboði mætti ætla að kvennasamtök og þær fáu konur sem stóðu framarlega í þjóðlífinu hefðu hampað „sínunum“ frambjóðanda. En hver var raunin?

Föstudaginn 6. júní skrifaði Svala Thorlacius, héraðsdómslögmaður og formaður framkvæmdanefndar um kosningabaráttu Vigdísar Finnbogadóttur, grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni „Ætla konur að bregðast?“ Þar skorar Svala á allar konur að fylkja sér um framboð Vigdísar og segir „að það virðist hafa verið nokkurs konar feimnismál að minnast á það hve stórkostlegur áfangi í jafnréttisbaráttu á Íslandi það væri ef kona yrði kosin í þetta embætti. Hefur þá jafnan verið svarað „Ég kys ekki konu, einungis af því að hún er kona.“ Vitanlega dettur engum í hug að kjósa Vigdísi Finnbogadóttur í þetta embætti af því að hún er kona. En Vigdís Finnbogadóttir má ekki gjalda þess að hún er kona og íslenskar konur hljóta að verða að meta góða hæfileika hennar, gáfur og glæsileik,“ segir Svala og rekur síðan stöðu kvenna í landinu en á þessum tíma sátu einungis þrjár konur á hinu háa Alþingi. Hún segir

---

<sup>45</sup> Svanhildur Halldórsdóttir: Í kosningabaráttu með Vigdísi.

karla við stjórn hvert sem litið er í þjóðfélaginu og í fjölmiðlum sjái börnin mest til þeirra. Svala hvetur konur til að líta í eigin barm. „Við sem erum að ala upp börn í þessu þjóðfélagi í dag reynum vonandi flest að gera það í jafnréttisanda og hvetjum dætur okkar til náms og starfs jafnt sem syni. En til hvers er það í rauninni, ef við viljum aldrei gefa þessum dætrum kost á að spreyta sig?“<sup>46</sup>

Gamalkunn baráttukona úr verkalyðshreyfingunni, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, stóðst ekki þessi frýjunarorð, því hún hafði snemma lýst yfir stuðningi við Albert Guðmundsson og kunní því illa að vera brigslað um svik við málstað kvenna. Hún ritaði grein þar sem hún segir meðal annars: „Hvorki í þessari jafnréttisbaráttu kvenna eða í baráttu gegn fátækt og vesöld hinna lægst launuðu hefi ég séð frú Vigdís Finnbogadóttur leikhússtjóra og hefi reyndar aldrei séð hana nema í sjónvarpi.“ Hér vikur Aðalheiður að stefi sem stundum var slegið í kosningabaráttunni að Vigdís væri forréttindapíka, alin upp með silfurskeið í munni á yfirstéttarheimili og hefði aldrei þurft að hafa fyrir hlutunum. Lífsreynsla hennar væri takmörkuð, hún hefði lítinn skilning á hlutskipti þeirra sem minna mættu sín í þjóðfélaginu og yrði því varla þeirra forseti. Hún væri frambjóðandi mennta- og menningarelítunnar og svo þeirra kvenna sem hefði „svokallaða“ kvenfrelsisbaráttu sem sitt helsta áhugamál í lífinu.<sup>47</sup>

Auður Auðuns, fyrsti kvenráðherrann og kvenborgarstjórinn í Reykjavík, svaraði grein Svölu á sama vettvangi 26. júní, örfáum dögum fyrir kjördag. „Ég tel mér skylt að gera miklar kröfur þegar velja skal þjóðhöfðingja lands míns, og þær kröfur uppfyllir Vigdís Finnbogadóttir ekki að mínu mati, í allri hreinskilni sagt. Í flestum greinum stuðningsmanna hennar er skorað á menn að kjósa hana út á glæsileik hennar, gáfur og menntun (lægstu háskólagráður, þ.e. BA-próf eru t.d. talin hámenntun þar í sveit). Ég held að konunni sé varla greiði gerður með öllu því hástemmda oflofi, sem á hana er hlaðið, slíkt getur orðið broslagt.“ segir Auður m.a. í greininni.<sup>48</sup>

Svanhildur Halldórsdóttir kosningastjóri greinir bakland Vigdísar þannig að Vigdís hafi átt fylgi í öllum flokkum þrátt fyrir að andstæðingar framboðsins hafi reynt að setja á það vinstri stimpil. „Við sem unnum fyrir hana komum allsstaðar að úr hinu pólitíska litrófi. Sjálf var ég ekki upptekin af því hvaða stjórnsmálaskoðanir fólk aðhylltist. Fylgið var ekki bundið einum þjóðfélagshópi frekar en öðrum að mínu mati.“ Hún segir að Vigdís hafi átti öflugt fylgi meðal kvenna en hún naut ekki endilega stuðnings þeirra sem þekktar voru úr

---

<sup>46</sup> Svala Thorlacius: „Ætla konur að bregðast?“, bls. 12.

<sup>47</sup> Páll Valsson: *Vigdís: Kona verður forseti*, bls. 300.

<sup>48</sup> Auður Auðuns: *Dylgjum svarað*, bls. 16.

kvennabaráttunni, og fundu þær jafnvel að því að hún hefði ekki tekið virkan þátt í kvennréttindabaráttu. „Henni barst þó skeyti frá stjórn Kvenréttindafélags Íslands 4. febrúar þar sem framboði hennar var fagnað og henni óskað brautargengis, en að öðru leyti kom félagið ekki að kosningabaráttunni. Við vissum að innan Rauðsokkahreyfingarinnar átti hún gott fylgi þó að hreyfingin sem slík lýsti ekki yfir stuðningi við framboðið.“ Svanhildur segir það jafnframt ekkert launungarmál að framboð Vigdísar hafi reynt að fá þekktu einstaklinga til liðs við það úr kvennasamtökum en hin framboðin hafi líka lagt mikið upp úr því að fá þekktar konur úr þjóðlífinu til að styðja þau opinberlega. „Stundum fannst mér eins og konur teldu sig þurfa að afsaka það í löngu máli ef þær studdu ekki Vigdísi. Eitthvað var um greinar í blöðum sem konur skrifuðu til þess eins að láta vita að þær styddu hana ekki og væri alls ekki hægt að ætlast til að allar konur kysu hana. Það hafði reyndar engum dottið í hug.“ Svanhildur telur að konur hafi hlutfallslega verið fleiri en karlar meðal stuðningsmanna hennar, það markaði hún meðal annars af þátttöku þeirra í kosningastarfinu, hve fjölmennar þær voru á fundum og þeim fjölmörgu viðtölum sem hún átti við konur. „Oft olli það sundurþykkju á heimilum ef konan studdi Vigdísi en húsbóndinn einhvern karlframbjóðandann -þau voru annars vön að kjósa alltaf eins. Það gat því falist í því nokkur uppreisn af hálfu konunnar að fara eigin leiðir. Engin könnun fór hins vegar fram á því hvernig stuðningur við framboðin var eftir kynjum.“<sup>49</sup>

---

<sup>49</sup> Svanhildur Halldórsdóttir: Í kosningabaráttu með Vigdísi.

## Niðurstöður

Nú ætla ég að skoða hvernig orðræðan sem birtist í aðdraganda forsetakosninganna tengist þeim kenningum sem ég setti fram og svara þannig rannsóknarspurningunni hvaða máli kyn Vigdísar Finnbogadóttur skipti í forsetakosningunum 1980. Fyrst ætla ég að skoða hvernig kenningar Anne Phillips um stjórnsmál nærverunnar og kenningar um *kristíska massa* og *kristíska gerendur* tengjast umfjöllunarefnum og svo skoða ég hvernig kenningarnar um mengandi og styðjandi kvenleika tengjast forsetaframboði Vigdísar og sömuleiðis það sem Brian Barry segir um lýðræði og réttlæti í tengslum við kyn.

Kenningar Anne Phillips um stjórnsmál nærverunnar eiga e.t.v. sjaldan eins vel við og um forsetakosningar á Íslandi. Hlutverk forseta samkvæmt gildandi stjórnarskrá lýðveldisins er mjög afmarkað og því eiga stjórnsmál hugmyndanna síður við. Þar af leiðandi hverfist umræðan miklu meira um persónu forsetans. Það er *hvers* fulltrúi hann er. Persónuleg auðkenni frambjóðenda voru mikið í umræðunni 1980. Á annan bóginn voru þrír karlar í framboði og þeir voru allir þekktir menn á virðulegum aldri, kvæntir, vel menntaðir og töldust til efri stéttar samfélagsins. Á hinn bóginn var það Vigdís sem var kona, einstæð móðir og í ofanálag fráskilin. Líkt þeim var hún þó menntuð og úr efri stétt samfélagsins en engu að síður úr allt öðrum reynsluheimi. Hún var fulltrúi þeirra sem bjuggu við *pólítiska útilokun* (e. *political exclusion*).

Eins og ég hef greint frá var áttundi áratugurinn mikill umbrotatími þar sem jafnréttismál og kvenréttindi urðu sífellt oftar til umræðu og Kvennafrídagurinn 24. október 1975 innsiglaði þessi straumhvörf. Það yrði ekki til baka snúið. Framboð Vigdísar er mjög rökrétt framhald á þessum samfélagsbreytingum. Það eru Laufey Jakobsdóttir og vinkonur hennar sem nefna nafn Vigdísar fyrst í tengslum við forsetaframboð og skora á konur að fylkja sér á bakvið hana. Svanhildur Halldórsdóttir kosningastjóri sagði að þó svo að engin kynjaskipt könnun hafi farið fram á fylgi Vigdísar, og kvennahreyfingar ekki lýst yfir formlegum stuðningi við hana, voru konur 63% þeirra sem rituðu nafn sitt á lista til að skora á hana að bjóða sig fram. Þannig að það er litlum vafa undirorpið að hreyfingin kom frá konum frekar en körlum.

Það er því greinilegt á öllu að þessar konur og þeir karlar sem studdu Vigdísu töldu að nærvera konu á forsetasetrinu að Bessastöðum skipti máli og hefði í för með sér

samfélagsbreytingar. Þarna takast á ólíkir reynsluheimar. Eins og Svanhildur bendir á var þjóðin ráðvillt. Kona yrði að hafa maka sér við hlið í svo ábyrgðarmiklu starfi og miklu heldur ætti forsetinn að vera forystusinnaður karl með eiginkonu sér við hlið sem styddi hann til góðra verka. Þetta viðhorf kom fram í blaðagreinum eins og hér hefur verið rakið og allir karlframbjóðendurnir voru á því í sjónvarpskappræðunum 20. júní 1980 að æskilegt væri að hjón sætu á Bessastöðum og þá samkvæmt hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna. Það kemur bersýnilega í ljós þegar Vigdís spyr hvort þeir væru reiðubúnir að styðja konur sínar í forsetaframboði og taka að sér húsfreyjustörfin á Bessastöðum. Albert og Pétur svara ekki en Guðlaugur segist „hafa gaman að matseld.“ Þeir gátu ekki séð fyrir sér að hægt væri að samþætta hlutverk forseta og forsetafrúar enda reynsluheimur þeirra ólíkur.

Vigdís og stuðningsfólk hennar tefldi ólíkum reynsluheimi fram. Vigdís talaði ítrekað um að hún gæti verið tveggja manna maki og gæti með góðri aðstoð verið húsfreyja á Bessastöðum samhliða embættisverkum forseta í Stjórnarráðshúsinu. Þennan reynsluheim þekktu konur betur en karlar enda segir Ingibjörg Þorgeirsdóttir í stuðningsgrein í Dagblaðinu að fjölmargar konur hafi árum og öldum saman gegnt bæði hlutverki húsbónda og húsfreyju á heimilum sínum þegar menn þeirra sóttu sjó eða stunduðu önnur störf langdvölum fjarri heimilum sínum.

Vandamálið með *áreiðanleika* (e. *authenticity*) í tengslum við stjórnsmál nærverunnar á ekki við um framboð Vigdísar Finnbogadóttur því íslenskt samfélag var á þessum tíma, og er að nokkru leyti enn, mjög einsleitt samfélag. Hér er hvítt fólk í miklum meirihluta og hinsegin fólk, samkynhneigt, tvíkynhneigt og transfólk, var nánast ósýnilegt á þessum tíma. Vigdís var fyrst og fremst fulltrúi kvenna á móti karlaveldinu og nærvera hennar skipti því konur mestu máli.

Kenningin um *kritiskskan massa* á tæpast við um framboð Vigdísar til forseta enda er hún ein í framboði. Þótt hún hafi í blaðaviðtali sagst vera oddviti stuðningsmanna sinna og að þeir væru í raun í framboði þá er það hópur sem tvístrast eftir forsetakosningar og áhrif þeirra eru ekki mælanleg eftir það, ólíkt Vigdísi sjálfri. Hún er nefnilega gott dæmi um *kritiskskan geranda*. Samkvæmt skilgreiningunni teljast þau kritiskskir gerendur sem beita sér, stök eða sem hópur, fyrir stefnubreytingum sem þjóna hagsmunum kvenna. Fræðileg skilgreining á málefnum kvenna er fljótandi eins og fram kom í kenningakaflanum. Þar er þó talað um málefni sem auka sjálfsforræði og velferð kvenna, fleti þar sem finna má *kynjabil* (e. *gender gap*) í þjóðfélögum, málefni sem skipta samfélagið í heild máli og hafa áhrif á daglegt líf kvenna. Aðrir líta svo á að málefni kvenna séu þau sem baráttuhreyfingar kvenna hafa sett á

oddinn eða mál sem sett eru fram af þeim sem gefa sig út fyrir að vera fulltrúar kvenna. Það er nánast sama hvernig málefna kvenna eru skilgreind, þar hefur Vigdís áhrif sem krítískur gerandi. Árið 1980 áttu þrjár konur sæti á Alþingi og þær flokkast því undir *táknmyndir* (e. *token individual*) samkvæmt kenningum um krítískan massa. Þótt Vigdís sé ein í sæti forseta þá er það æðsta embætti þjóðarinnar og mesta virðingarstaða í stjórnskipun lýðveldisins og því getum við ekki annað en talið hana krítískan geranda.

Framboð hennar hristir upp í samfélaginu og fær fólk til að ræða og endurskoða stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Hugmyndir þær sem Valgarður L. Jónsson setti fram í Morgunblaðsgreininni lýsa vel gamla samfélaginu þar sem húsbóndinn stendur úti fyrir á bæjarhellu og konan er innandyra að undirbúa veitingarnar og gengur svo fram með þær á meðan karlarnir ræða málin. Þetta var sú samfélagsgerð sem ríkt hafði á Íslandi áratugina og aldirnar á undan. Þegar Vigdís steig fram hafði hún allt til brunns að bera til verða forseti; hún var vel menntuð, þekkt, talaði mörg tungumál, hafði verið leikhússtjóri og hafði góðan skiling á íslenskri menningu líkt og Kristján Eldjárn forveri hennar. En hún var fráskilin einstæð móðir.

Öll sú umræða sem fram fór um hjúskaparstöðu hennar, kyn og heimilisrekstur samhliða opinberu starfi einskorðast auðvitað ekki við Vigdís sem persónu. Umræðan snerist í rauninni um framgang íslenskra kvenna og það sem Kvennafrídagurinn 1975 boðaði. Það var ekki síst sú hreyfing og sjálfskoðun sem varð meðal kvenna sem skiptir hér máli. Auðvitað skiptir líka máli að karlar voru Vigdísi fylgjandi og það segir sína sögu að skeyti frá íslenskum sjómönnum verður til þess að hún tekur af skarið með framboð. En Vigdís talaði engu að síður um að það væri rótgróið á Íslandi að óvenjulegt þætti að konur byðu sig fram til opinberra starfa og að þar ríkti eitthvert vantraust hjá konum sjálfum. Svala Thorlacius lögmaður kemur inn á þetta sama þegar hún spyr í blaðagrein hvort konur ætli að bregðast í kosningunum. Þar talar Svala um að það hafi verið eins og feimnismál að minnast á hversu stórkostlegur áfangi í jafnréttisbaráttu á Íslandi það yrði ef kona yrði kjörin í embætti forseta. Hún sagði karla við stjórn hvert sem litið væri í þjóðfélaginu og í fjölmiðlum sæju börnin mest til þeirra. Hún hvatti konur til að líta í eigin barm og gefa dætrum sínum fyrirmynd sem þær gætu litið til sem tákns um að þær gætu náð árangri í námi og starfi til jafns við syni þjóðarinnar.

Tvær þekktar konur úr þjóðlífinu þær Auður Auðuns ráðherra og borgarstjóri og Aðalheiður Bjarnhéðinsdóttir verkalyóðsforingi bregðast hart við áskorun Svölu og gefa Vigdísi niðrandi umsögn. Hvað sem segja má um það og auðvitað áttu þær allan rétt á að

styðja aðra, þá sýna viðbrögð þeirra engu að síður að málefni kvenna og staða þeirra í þjóðfélaginu var svo sannarlega á dagskrá og hreyfði ekki síður við konum en körlum. Aðeins krítískur gerandi getur komið slíkri hreyfingu á málina enda sagði Vigdís sjálf að það ætti að vera sjálfsagt að kjósa konu til jafns við karlmann. Það hefði ekki ríkt jafnrétti í þeim málum og ef hún gæti hjálpað til að dætrum þjóðarinnar fyndist sjálfsagt að þær kæmu fram til jafns við karla, þá teldi hún að hún hefði lagt eitthvað til málanna sem væri þeim til gagns og góða.

Nú þegar ég hef skoðað áhrifin af framboði og kjöri Vigdísar vil ég skoða betur af hverju hún mætti slíku mótlæti. Hvaða ríkjandi hugmyndum var hún að ögra og hvaðan eru þær sprottnar?

Eins og ég rakti í kenningakaflanum gerir kynjafræðin ráð fyrir að á hverjum tíma í hverju samfélagi sé ein tegund karlmennsku ráðandi í stigveldi karlmennskunnar. Yfirráðin byggja á því að neðar í stigveldinu séu konur og undirskipaðir karlar, t.d. samkynhneigðir. Konur skiptast í tvo hópa, þær sem sýna *styðjandi kvenleika* og þær sem sýna *mengandi kvenleika*. Styðjandi kvenleiki mætir þörfum og löngunum karla og viðheldur athöfnum og gjörðum sem styrkja í sessi og stofnanabinda yfirráð þeirra yfir konum. Hlýðnin er miðlæg í styðjandi kvenleika og kemur í veg fyrir að aðrar tegundir kvenleika hljóti hljómgrunn í menningunni. Andstæða styðjandi kvenleika er mengandi kvenleiki sem er talinn menga samband kvenleika og karlmennsku sem byggir á undirskipun hins kvenlæga. Þetta er sú tegund kvenleika sem sýnir myndugleika, tekur málin í sínar hendur og er óhlýðinn. Átök eru því á milli styðjandi kvenleika og mengandi kvenleika.

Þegar Vigdís Finnbogadóttir býður sig fram til forseta verður hún skólabókardæmi um mengandi kvenleika. Hún er fyrst kvenna í forsetaframboði og ögrar þar með feðraveldinu. Í greinarskrifum Valgarðs birtast þessa hugmyndir um styðjandi kvenleika þegar hann talar um göfugt hlutverk húsfreyjunnar sem kemur færandi hendi með góðgerðir. Þegar hann talar um að kjósendur eigi ekki að láta sér koma til hugar að gera æðsta býli Íslendinga að einsetubæli með þeirri niðurlægingu að þar væri enginn bóndinn, nema þá einhvers staðar sem vinnumaður í verkunum væri konan gift, kemur vel fram andúð hans á mengandi kvenleika. Hann var ekki einn um það viðhorf.

Það liggur í augum uppi að kona sem sýnir styðjandi kvenleika setur heimilið og uppeldi barnanna í forgang og í því felst stuðningurinn við karlinn. Að ætla að sinna móðurhlutverki og veita þjóðarheimilinu forstöðu á sama tíma og hún gegnir skyldum forseta innsiglar óhlýðni Vigdísar við ríkjandi skipulag. Svanhildur Halldórsdóttir talar um að margir



hafi haft áhyggjur af uppeldi Ástríðar, dóttur Vigdísar, og spaugilega kjaftasagan sem Vigdís talaði um í viðtali þar sem Ástríður hafði átt að vera á stultum í miðborginni að hrinda gamalmönnum þjónar einmitt þeim tilgangi að sverta hana sem móður og setja niður sem konu. Það að krabbamein Vigdísar og brjóstnám skuli hafa komið til umræðu er líka til merkis um að það átti að sýna fram á að Vigdís væri engin kjarnakona. Hún væri þvert á móti veik kona og ófullkomin.

Átökin á milli styðjandi kvenleika og hins mengandi kvenleika birtast í skrifum Auðar Auðuns og Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur. Aðalheiður sagðist aldrei hafa séð Vigdís í jafnréttisbaráttu kvenna eða í baráttu gegn fátækt. Hún lætur að því liggja að Vigdís sé forréttindapíka, fædd með silfurskeið í munni sem hafi aldrei þurft að hafa fyrir lífinu. Þarna kom fram stefið um að Vigdís væri frambjóðandi mennta- og menningarelítu sem hefði svokallaða „kvenfrelsisbaráttu“ að áhugamáli. Auður gerir gys að oflofinu sem hlaðið sé á Vigdís, m.a. vegna glæsileika, og hún tætir í sig menntun Vigdísar sem hún segir af lægstu háskólagráðu og því broslagt að gera út á þessa þætti. Þarna freista þær þess að reyta fjaðrirnar af Vigdís og draga úr trúverðugleika hennar með því að láta í það skína að hún sé bara eins og hver önnur kerling út í bæ sem ætti ekkert erindi upp á dekk. Auður og Aðalheiður voru vissulega forystukonur á sinni tíð en báðar spiluðu eftir leikreglum karla og voru hluti af þeirra heimi. Framganga þeirra sýnir glögglega hvernig styðjandi kvenleiki kemur í veg fyrir að aðrar tegundir kvenleika fái hljómgrunn í menningunni.

Karlframbjóðendurnir gerðu sitt til að verja sig gegn hinum óhlýðna mengandi kvenleika. Eins og Svanhildur nefndi tefldu þeir mjög fram eiginkonum sínum, svo vart mátti sjá hvort væri í framboði. Undirliggjandi hlýtur að vera sú hugmynd að svona eigi konur að vera og það hafi átt að sýna kjósendum. Þá tala þeir allir um nauðsyn þess að bæði kynin fari um landið, Pétur talar um að konan fái hlut af launum forsetans og þeir vilja alls ekki gera gera lítið úr hlut húsfreyjanna á Bessastöðum sem hafi t.d. mætt við tækifæri þar sem forsetinn gat ekki mætt sjálfur. Albert bendir á að Ásgeir Ásgeirsson, annar forseti lýðveldisins, hafi ekki treyst sér til að sinna forsetaskyldum eftir að hann varð ekill en hafði þó aðstoð frá dætrum sínum. Tilraunir Vigdísar til að sýna fram á hið gagnstæða gera þeir spaugilegar með athugasemdum um að hún ætli að láta barnið gegna hluta af forsetaskyldum og Guðlaugur talar um að honum myndi leiðast einum á Bessastöðum. Þetta gera þeir til að sýna fram á kjánaskap konunnar sem heldur að hún geti gert þetta ein og verja þar með hina ráðandi karlmennsku.

Til að undirstrika enn frekar hversu djúpstæð þessi átök voru í forsetakosningunum 1980 þá fannst mér rétt að benda á að viðhorfið náði ekki bara til Vigdísar og það mátti sömuleiðis finna í herbúðum hennar. Eldri herrann sem heimsótti Svanhildi, kosningastjóra Vigdísar, endurspeglar þessi viðhorf þegar hann gerir sér ferð til að skoða hana. Einhver kona sem hann hefði aldrei heyrt nefnda og hafði aldrei áður starfað í kosningabaráttu fékk hann til að efast um framboðið sem slíkt. „Þú ert bara stelpa,“ sagði hann og bætti við að það þyrfti vanan mann sem gjörþekkti svona baráttu. Hin ráðandi karlmennska átti að vera miðlæg í kosningabaráttu kvenframbjóðandans! Jafnvel þeir karlar sem studdu Vigdísu töluðu til kosningastjóra hennar með orðunum „vinan“ og „væna mín“ og vildu kenna konunum sem störfuðu að framboðinu með föðurlegu fasi á þeirra verksvið og leikreglur.

Úr því að Vigdís var hvort eða er dæmi um mengandi kvenleika sem tekur málin í sínar hendur og óhlýðnast, hvaðan kemur þá þessi áhersla á að hún væri ógift? Brian Barry sýnir fram á í kenningum sínum hvernig lýðræðinu hafði mistekist að tryggja réttlæti í vestrænum samfélögum. Það sem hann segir um hjónabandið gæti hjálpað til við að útskýra hvers vegna hjúskaparstaða Vigdísar spilaði svona stórt hlutverk. Barry bendir á að yfirráð karla á konum hafi tíðkast á heimilum eins og við stjórn ríkis og sveitarfélaga og þar gegni hjónabandið lykilhlutverki. Það er þessi hugmynd um að við hjónaband renni sjálfsmýnd og sjálfstæði konunnar saman við sjálfsmýnd og sjálfstæði karlsins sem stofnanabindur undirskipun kvenna og fyrstu femínistarnir gagnrýndu mjög. Það að Vigdís var fráskilin og ógift er merki um stjórnlausa konu því það er enginn karl til að hafa vit fyrir henni. Þessi hugmynd tengist mjög náið kenningunni um mengandi kvenleika. Þess vegna svarar Vigdís því líklega til við norskan fréttamann að óhugsandi væri að karl af hennar kynslóð fylgdi henni á Bessastaði því þar með væri hún ráðandi og hann í hlutverki þess undirskipaða. Eins og Svanhildur nefnir olli það líka oft sundurþykkju á heimilum ef konan studdi Vigdísu en húsbóndinn einhvern karlframbjóðandann því þau voru vön að kjósa alltaf eins. Yfirráðum karla í hjónabandinu hafði verið ógnað.

## Lokaorð

Ég hef í þessari ritgerð dregið fram orðræðuna eins og hún birtist í fjölmiðlum um forsetaframboð Vigdísar Finnbogadóttur 1980 og einnig í bókum og heimildamynd um efnið. Einstakar greinar sem vitnað var til endurspegluðu fjölda annarra og ég valdi jafnan viðhorf sem voru nokkuð dæmigerð á þessum tíma. Með því að skoða þessi viðhorf gat ég tengt þau við kenningar í stjórnmálafræði og kynjafræði þegar ég svaraði rannsóknarspurningunni um hvaða máli kyn Vigdísar Finnbogadóttur skipti fyrir forsetakosningarnar 1980.

Meginniðurstaðan er sú að Vigdís var frambjóðandi þeirra sem bjuggu við pólitíska útilokun samkvæmt kenningum Anne Phillips um stjórnmal nærverunnar. Framboð hennar fellur vel undir hugmyndir Phillips að öllu öðru leyti enda augljóst að nærvera Vigdísar breytti kosningabaráttunni og varð til konum til góða, en Vigdís var þeirra fulltrúi í kosningunum, hvort sem þær kusu hana eða ekki. Vigdís féll líka undir skilgreininguna um krítískan geranda sem kemur hreyfingu á málefni kvenna. Þá bendir margt til þess að hörð viðbrögð við forsetaframboði Vigdísar megi rekja til kenninga kynjafræðinnar um styðjandi og mengandi kvenleika. Vigdís var skólabókardæmi um mengandi kvenleika; það er kona sem tekur ráðin í eigin hendur, er myndug og óhlýðin. Þess vegna skipti kyn hennar ekki síst máli því hún ögraði ríkjandi karlmennsku og konum sem teljast til styðjandi kvenleika en það er kvenleiki sem styður við yfirráð karla. Síðast en síst skiptir það máli að Vigdís var ógift og það gefur til kynna stjórnlausu konu þar sem hjónabandið stofnanabindur undirskipun kvenna samkvæmt Brian Barry og heldur þeim frá lýðræðislegri þátttöku.

Nú hef ég skoðað hvaða máli kyn Vigdísar skipti í forsetakosningunum 1980 með vísan í nokkrar kenningar úr kynjafræði og stjórnmálafræði. Öruglega eru til kenningar sem gætu skýrt þetta öðruvísi og þá er greining á orðræðu alltaf matskennd. Það fóru engar rannsóknir eða skoðanakannanir fram mér vitanlega á þessum tíma um viðhorf samfélagsins til kvenframbjóðands eða hvernig stuðningur við hana skiptist eftir kynjum til dæmis. Greinaskrif í blöð, viðtöl og endurminningar gefa aðeins ákveðna vísbendingu.

Þá afmarkaði ég mig við forsetaframboðið sem slíkt en sá tími spannar fáeina mánuði. Ég skoða ekkert hvort orðræðan breyttist eftir kjörið og sömuleiðis tek ég ekkert á því hvaða máli kyn Vigdísar skipti í þau 16 ár sem hún gegndi embætti forseta Íslands. Það er efni í aðra ritgerð.

Kenningarnar sem ég nota t.d. um krítíska gerendur og stjórnmál nærverunnar hafa til þessa verið notaðar um konur og minnihlutahópa sem hasla sér völl á sviði stjórnmálanna, sbr. á þjóðþingum og í sveitarstjórnnum. Mér vitanlega hefur það ekki verið gert í tengslum við embætti forseta Íslands sem hefur mjög takmörkuð pólitísk völd. Ég tel að mér hafi tekist að sýna fram á að með framboði sínu hafi Vigdís haft umtalsverð áhrif á sviði stjórnmála og þjóðmála og hvatt konur víða til að beita sér fyrir stefnubreytingu í málefnum kvenna eins og krítískur gerandi á að gera. Hluttur kvenna jókst mjög á árunum og áratugunum eftir kjör hennar og ég hef séð, heyrt og lesið viðtöl við margar forystukonur í stjórnmálum sem vísa til fordæmis Vigdísar. Það væri forvitnilegt rannsóknarefni að kanna hversu víðtæk þessi áhrif voru á stjórnmálakonur hér heima og í öðrum löndum.

## Heimildaskrá

- Auður Auðuns. 1980. Dylgjum svarað. *Morgunblaðið*, 26. júní.
- Childs, Sara & Mona Lena Krook (2009) Analysing Women's Substantive Representation: From Critical Mass to Critical Actors. *Government and Opposition*. 44:2, 125-145.
- Dowding, Keith, Robert E. Goodin og Carole Pateman, ritstjórar. 2004. Formáli. *Justice and Democracy –Essays for Brian Barry*. Cambridge University Press.
- Guðfinnur Sigurvinsson og Ragnar Santos. 2010. *Vigdís: Fífldjarfa framboðið*. Framleiðandi RÚV. 57 mín. Myndband.
- Guðmundur Magnússon. 1980. Það er ævintýri að gerast. *Dagblaðið*, 25. júní.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. 2012. Mengandi myndugleiki og óhlýðni: Femínískur baráttukvenleiki hróflar við áru kynjajafnréttis. Í *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Ritstjóri Silja Bára Ómarsdóttir, 1-9. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingibjörg Þorgeirsdóttir. 1980. Vigdís þorir að brjóta ís fordóma. *Dagblaðið*, 3. júní.
- Nýársávarp Kristjáns Eldjárn forseta Íslands. 1. janúar 1980. Vefur forseta Íslands.
- Páll Valsson. 2009. *Vigdís: Kona verður forseti*. Reykjavík: Forlagið.
- Phillips, Anne. 1995. *The Politics of Presence*. New York: Oxford University Press.
- Svala Thorlacius. 1980. Ætla konur að bregðast? *Morgunblaðið*, 6. júní.
- Svanhildur Halldórsdóttir. 2005. Í kosningabaráttu með Vigdísi. Erindi flutt málþingi, Veljum Vigdísi, í Háskólabíói. Reykjavík, 15. apríl.
- Valgarður L. Jónsson. 1980. Hjón eru eitt einnig í embætti forseta. *Morgunblaðið*, 9. febrúar.
- Vigdís Finnbogadóttir. 1980. Manneskjuleg ábyrgð skiptir mestu. [Viðtal.] *Morgunblaðið*, 24. júní.
- Vigdís Finnbogadóttir. 1980. Mótfallin því að forseta verði gefin meiri völd. [Viðtal.] *Vísir*, 27. mars.